



# *Sigrún Elíasdóttir*

*Fædd 7. júní 1953*

*Dáin 2. apríl 2023*



*Útför frá Akraneskirkerju  
Þriðjudaginn 18. apríl 2023*

**Forspil**  
*Air úr svítu nr. 3*  
J.S. Bach

**Bæn**

Lagði ég af stað í það langa ferðalag,  
ég áfram gekk í villu eirðarlaus.  
Hugsaði ekki um neitt, ekki fram á næsta dag.  
Einveru og friðsemdina kaus.

Ég á líf, ég á líf,  
yfir erfðleika svíf.  
Ég á líf, ég á líf vegna þín.  
Þegar móti mér blæs,  
yfir fjöllin há ég klíf  
Ég á líf, ég á líf, ég á líf


Ég skildi ekki ástina sem öllu hreyfir við,  
þorði ekki að faðma og vera til.  
Fannst sem ætti ekki skilið að opna huga minn  
og hleypa bjartri ástinni þar inn.

Ég á líf, ég á líf,  
yfir erfðleika svíf.  
Ég á líf, ég á líf vegna þín.  
Þegar móti mér blæs,  
yfir fjöllin há ég klíf  
Ég á líf, ég á líf vegna þín

Og ég trúi því, já ég trúi því,  
kannski opnast fagrar gáttir himins.  
Yfir flæðir fegursta ástin  
hún umvefur mig alein

Ég á líf, ég á líf,  
yfir erfðleika svíf  
Ég á líf, ég á líf vegna þín  
Þegar móti mér blæs  
yfir fjöllin há ég klíf  
Ég á líf, ég á líf vegna þín

*Órlygur Smári - Pétur Örn Guðmundsson*











## *Ritningarorð*

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður  
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.  
Ef værir þú hjá mér, vildi ég gladdur  
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.  
Eftir bjartan daginn kemur nótt.  
Ég harma það, en samt verð ég að segja,  
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,  
gleymt okkur með blómunum.  
Er rökkvar ráðið stjörnumál.  
Gengið saman hönd í hönd,  
hæglát farið niður á strönd.  
Funduð stað, sameinað, beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,  
Í sálu minni hefur gríma völd.  
Í æsku léttu ís og myrkur jólin;  
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.  
Eftir bjartan daginn kemur nótt.  
Ég harma það, en samt verð ég að segja,  
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn  
hvort gangir þú um hliðið inn.  
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.  
Ég rýni út um rifurnar.  
Ég reyndar sé þig alls staðar.  
Þá napurt er, það nærðir hér og nístir mig.

*Jóhann Helgason - Vilhjálmur Vilhjálmsson*

## *Ritningarorð*

## Einsöngur

Minn bátur

Björn Eidsvåg - Halldór Hallgrímsson

## Guðspjall

## Einsöngur

Daniel

Elton John - Bernie Taupin

## Minningarorð

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.

Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.

Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.

Hún hjúkraði og stritaði gleðisnaud ár

Hún enn í dag fórna sér endalasta má.

Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Með landnemunum sigldi hún um svarrandi haf.

Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf.

Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.

Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún er brúður sem skín

Hún er barnsmóðir þín.

Hún er björt sólarýn.

Ó, hún var ambáttin hljóð

hún var ástkonan rjóð

hún var amma svo fróð.

Ó, hún er ást, hrein og tær

Hún er alvaldi kær.

Eins og Guðsmóðir skær.

Ó, athvarf umrenningsins

inntak hjálpræðisins

líkn frá kyni til kyns.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold

þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.

Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.

Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,

sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar,

sem ann þér og þér helgar sitt líf.

Billy Joel - Ómar Ragnarsson

## Bæn / Faðir vor

Þar sem englarnir syngja sefur þú.	Drottinn minn faðir lífsins ljós.	Faðir minn láttu lífsins sól.
Sefur í djúpinu vera.	Lát náð þína skína svo blíða.	Lýsa upp sorgmætt hjarta.
Við hin sem lifum, lifum í trú.	Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós.	Hjá þér ég finn, frið og skjól.
Að ljósið hjarta skæra.	Tak burt minn myrka kvíða.	Láttu svo ljósið þitt bjarta.
Veki þig með sól að morgni.	Þú vekur hann með sól að morgni.	Vekja hann með sól að morgni.
Veki þig með sól að morgni.	Þú vekur hann með sól að morgni.	Vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál.	Farðu í friði vinur minn kær.
Svala líknar- hönd.	Faðirinn mun þig geyma.
Og slökk þú hjartans harma- bál.	Um aldur og ævi þú verður mér nær.
Slít sundur dauðans bönd.	Aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vaknar hann með sól að morgni.	Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vaknar hann með sól að morgni.	Svo vöknum við með sól að morgni.

*Bubbi Morthens*

## **Moldun**

### *Almennur söngur*

Er völlum grær og vetur flýr og vermir sólin grund.	Sól slær silfri á voga, sjáðu jökulinn loga.
Kem ég heim og hitti þig, verð hjá þér alla stund.	Allt er bjart fyrir okkur tveim, því ég er kominn heim.
Við byggjum saman bæ í sveit sem brosir móti sól.	Að ferðalokum finn ég þig sem mér fagnar höndum tveim.
Þar ungu lífi landið mitt mun ljá og veita skjól.	Ég er kominn heim, já, ég er kominn heim.

*Hallgrímur Pétursson*

## **Blessun**

### **Eftirspil**

*Time Waits For No One*

*Freddy Mercury*

*Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir*

*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*

*Söngur: Kammerkór Akraneskirkju*

*Einsöngur: Halldór Hallgrímsson*

*Fiðluleikur: Matthías Stefánsson*

*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness***

***Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja  
veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***